

Sb.

86. Tillaga til þingsályktunar

[68. mál]

um breytingu á bátagjaldeyrislistanum.

Flm.: Eggert Þorsteinsson, Emil Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera þær breytingar á gildandi reglum um bátagjaldeyri, að allar efnivörur, vélar og áhöld til iðnaðar verði felld niður af bátagjaldeyrislistanum, en fullunnar iðnaðarvörur, sem hægt er að framleiða í landinu sjálfu, settar á listann í staðinn, — þó þannig að heildarupphæð bátagjaldeyrisálagsins aukist ekki.

Greinargerð.

Íslenskur iðnaður á við margs konar erfiðleika að stríða sökum skilningsskorts stjórnarvaldanna á þörfum hans. Eitt ljósasta dæmi þess er sú staðreynd, að á bátagjaldeyrislistanum svo nefnda eru ýmsar efnivörur til iðnaðar svo og vélar og áhöld, en margs konar fullunnar iðnaðarvörur, sem hægt er að framleiða í landinu sjálfu, á frilista. Þessi ráðstöfun hefur að vonum vakið almenna óánægju meðal þeirra, sem bera hag iðnaðarins fyrir brjósti. Á fundi Félags íslenskra iðnrekenda 10. þ. m. var einróma samþykkt ályktun þess efnis, að bátagjaldeyrislistanum verði breytt þannig, að efnivörur, vélar og áhöld til iðnaðar verði tekin af honum, en fullunnar iðnaðarvörur, sem framleiða má í landinu, teknar á hann í staðinn. Þingsályktunartillaga þessi er þannig byggð á þessum óskum iðnrekenda og er ætlað að stuðla að því, að ríkisstjórnin verði við þessum óskum, sem eru í senn sanngjarnar og réttmætar. Með samþykkt þessarar tillögu yrði stigið mikilvægt spor í þá átt að tryggja atvinnu hinum vaxandi fjölda landsmanna, sem afkomu sína byggir á þessum þriðja höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar.